

1996 nr. 90 13. júní**Lögregluglög**

Tóku gildi 1. júlí 1997. *Breytt með* l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 29/1998 (tóku gildi 29. apríl 1998), l. 78/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998), l. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999), l. 15/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), l. 49/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), l. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), l. 56/2002 (tóku gildi 14. maí 2002), l. 44/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003), l. 56/2004 (tóku gildi 14. júní 2004), l. 46/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem tóku gildi 16. júní 2006), l. 85/2007 (tóku gildi 1. júlí 2007), l. 34/2008 (tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tók gildi 8. maí 2008), l. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjtið. 19. júní 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 147/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 16/2011 (tóku gildi 4. mars 2011), l. 82/2011 (tóku gildi 1. sept. 2011 nema brbákv. sem tók gildi 30. júní 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 50/2012 (tóku gildi 26. júní 2012) og l. 51/2014 (tóku gildi 31. maí 2014 nema 3. og 4. gr. sem taka gildi 1. jan. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Hlutverk lögreglu o.fl.**■ 1. gr. Hlutverk.**

□ 1. Ríkið heldur uppi starfsemi lögreglu.

□ 2. Hlutverk lögreglu er:

a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,

b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir afhafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,

c. að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð [sakamála]¹⁾ eða öðrum lögum,

d. að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta stöðjar að,

e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirætlun laga eða venju eftir því sem þörf er á,

f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,

g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 2. gr. Tengsl við þjóðarétt.

□ Lögregla skal í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

■ 3. gr. Lögreglumenn.

□ Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til lögreglustarfs skv. [4. mgr.]¹⁾ 28. gr. eða ráðnir tímabundið skv. [5. mgr.]¹⁾ 28. gr.

¹⁾ L. 51/2014, 1. gr.

II. kafli. Skipulag lögreglu og ædsta stjórn.**■ 4. gr. Ædsta stjórn lögreglu.**

□ [Ráðherra]¹⁾ er ædsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans. [Ríkislögreglustjóri hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 225. gr. ²⁾ L. 121/1999, 2. gr.

■ 5. gr. Ríkislögreglustjóri.

□ 1. Hlutverk ríkislögreglustjóra er:

a. að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir ædstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar,

b. að láta [ráðherra]¹⁾ í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á,

c. að gera tillögur til [ráðherra]¹⁾ um almenn fyrirætlun lögreglustjóra,

d. að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar,

e. að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu,

f. að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum,

g. að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi,

h. að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirætlun um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Ríkislögreglustjóri skal að fengnu samþykki [ráðherra]¹⁾ tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum ákvörðun sína varðandi stjórn löggæsluverkefnis með hæfilegum fyrirvara,

[i. að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. [Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur²⁾ um þessar skrár],³⁾

[j. að annast málefni almanna í umboði [ráðherra].]¹⁾⁴⁾

□ 2. Sérstök verkefni sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum eru:

a. [að annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka],⁵⁾

b. [að starfrækja lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og ædstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi],⁶⁾

c. að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni, hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og hafi reglulegt eftirlit með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði,

d. að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti,

e. [að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur],⁷⁾

[f. [að starfrækja hæfnisnefnd sem veitir lögreglustjórum ráðgefandi álit um hæfni umsækjanda við skipun í störf lögreglumanna skv. 28. gr. Niðurstaða hæfnisnefndar er ráðgefandi við skipun í embætti. Ráðherra setur reglur um skipun og störf hæfnisnefndarinnar þar sem m.a. er fjallað um skipun nefndar, hæfi nefndarmanna, verkefni og málsmeðferð],⁸⁾⁹⁾

[g. að starfrækja almannavarnardeild sem annist verkefni á sviði almanna].¹⁰⁾

□ 3. [Ráðherra]¹⁾ mælir nánar fyrir¹⁾ um starfsemi ríkislög-
reglustjóra.

□ 4. [Heimilt er að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra sem er
staðgengill ríkislögreglustjóra.]⁸⁾

□ 5. Þegar ríkislögreglustjóri er svo við málsefni eða aðila
riðinn að hann mætti eigi gegna dómaraströfum í því skal
hann víkja sæti og setur [ráðherra]¹⁾ þá lögþæfan mann til
meðferðar þess máls.

¹⁾ L. 162/2010, 141. gr. ²⁾ Rg. 322/2001, sbr. 362/2008 og 1137/2008. ³⁾ L. 15/
2000, 10. gr. ⁴⁾ L. 82/2008, 35. gr. ⁵⁾ L. 82/2011, 5. gr. ⁶⁾ L. 46/2006, 1. gr. ⁷⁾ L. 56/
2004, 1. gr. ⁸⁾ L. 51/2014, 2. gr. ⁹⁾ L. 78/1998, 1. gr. ¹⁰⁾ L. 44/2003, 10. gr. ¹¹⁾ Rg.
804/2007.

■ **6. gr.¹⁾** [Lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

□ 1. Landið skiptist í 15 lögregluumdæmi. Með lögreglu-
stjórn fara lögreglustjórar og sýslumenn sem hér segir:

1. Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu fer með lög-
reglustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnar-
neskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ,
Hafnarfjörð og Sveitarfélagið Álftanes.

2. Lögreglustjórnin á Suðurnesjum . . . ²⁾ fer með lög-
reglustjórn á svæði sem nær yfir Grindavík, [Keflavíkurborg,
flugvöll], ²⁾ Sandgerði, Sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ og
Sveitarfélagið Vogar . . . ²⁾

3. Sýslumenn með aðsetur á Akranesi, í Borgarnesi, í
Stykkishólmi, á Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri,
Húsavík, Seyðisfirði, Eskifirði, Hvolsvelli, í Vestmannaeyj-
um og á Selfossi. Með lögreglustjórn í umdæmi sýslumanns-
ins í Búðardal fer sýslumaðurinn í Borgarnesi, með lögreglu-
stjórn í umdæmum sýslumanna á Patreksfirði, í Bolung-
arvík og á Hólmarvík fer sýslumaðurinn á Ísafirði, með lög-
reglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Siglufirði fer sýslu-
maðurinn á Akureyri, með lögreglustjórn í umdæmi sýslu-
mannsins á Höfn fer sýslumaðurinn á Eskifirði og með lög-
reglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Vík fer sýslumaður-
inn á Hvolsvelli. Umdæmi lögreglustjóra samkvæmt þessum
tölulíð skulu að öðru leyti ákveðin með reglugerð að fenginni
umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna.

□ 2. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og
á Suðurnesjum skulu starfa aðstoðarlögreglustjórar.

□ 3. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu
umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar
í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa
innan þess. Vaktskipulag og almenn löggæsla í lögreglu-
umdæmum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suður-
landi skal í hverjum fjórðungi samþæfð og samræmd eftir
því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur³⁾ um
fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún skuli ná.

□ 4. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgun-
araðgerða í landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag
almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur⁴⁾ um
samstarf lögreglu og björgunarsveita.]⁵⁾

¹⁾ Greininni var breytt með l. 51/2014, 3. gr. Breytingin tekur gildi 1. jan. 2015
skv. 11. gr. s.l., sbr. einnig brbák. í s.l. ²⁾ L. 34/2008, 30. gr. ³⁾ Rgl. 1053/2006, Rg.
66/2007, sbr. 506/2008, 733/2010, 1281/2011 og 840/2012. ⁴⁾ Rg. 289/2003. ⁵⁾ L.
46/2006, 2. gr.

■ **7. gr.** Starfssvæði lögreglu.

□ 1. Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu.

□ 2. Starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann
er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í.

□ 3. [Ráðherra]¹⁾ getur ákveðið að hluti lögregluliðs skuli
gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Hann setur reglur²⁾
um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli
hátað.

□ 4. Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. mgr. í eftirfarandi til-
vikum:

a. [Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði
við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tíma-
bundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá
jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. [Ráðherra]¹⁾ getur
samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra kveðið á um skipu-
lagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveð-
inna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögreglu-
liða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda
uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra samkvæmt tillögu
ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin
löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna
staðháttanna.]³⁾

b. Lögreglumanni er heimilt að fara út fyrir starfssvæði
sitt til þess að ljúka lögregluáðgerð sem hann hefur hafið inn-
an þess. Á sama hátt getur lögreglumaður unnið lögregluverk
utan umdæmis síns ef verkefnið krefst þess eða brýna nauð-
syn ber til.

c. Lögreglumanni, sem er að störfum en á leið um annað
lögregluumdæmi, er heimilt að hafa afskipti af mönnum sem
hann stendur að lögrotum.

□ 5. Lögreglumaður skal tilkynna yfirmanni sínum um að-
gerðir sínar skv. b- og c-liðum 4. mgr. svo fljótt sem kostur er.
Með sama hætti ber að tilkynna lögreglustjóra hlutaðeigandi
umdæmis um áðgerðir lögreglumanns.

¹⁾ L. 162/2010, 141. gr. ²⁾ Rg. 774/1998, Rg. 335/2005. ³⁾ L. 29/1998, 2. gr.

■ **8. gr.¹⁾** [Lögreglurannsóknir.

□ 1. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.

□ 2. Við embætti eftirtalinnna lögreglustjóra skulu vera sér-
stakar rannsóknardeildir:

1. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir umdæmi
hans,

2. lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans, lög-
reglustjórans í Borgarnesi og Stykkishólmi,

3. lögreglustjórans á Ísafirði fyrir umdæmi hans,

4. lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans, lög-
reglustjórans á Blönduósi, á Sauðárkróki og á Húsavík,

5. lögreglustjórans á Eskifirði fyrir umdæmi hans og lög-
reglustjórans á Seyðisfirði,

6. lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans og lög-
reglustjórans á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum,

7. lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir umdæmi hans.

□ 3. Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkis-
saksóknara um hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rann-
sóknardeildum skv. 2. mgr. Önnur brot skal rannsaka í því
umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði a- og b-lið-
ar 2. mgr. 5. gr. Jafnframt setur ráðherra reglur²⁾ um hvernig
stjórn rannsóknar skuli hátað, hvenær brot skuli rannsakað
undir stjórn ríkislögreglustjóra skv. a-lið 2. mgr. 5. gr. og um
rannsóknaraðstoð.

□ 4. Sá lögreglustjóri sem rannsóknardeild á undir fer með
forræði á rannsókn máls sem til rannsóknar er hjá sérstakri
rannsóknardeild.

□ 5. Ráðherra er heimilt að ákveða að við einstök embætti
lögreglustjóra starfi, undir eftirliti ríkislögreglustjóra, grein-
ingardeildir til að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og
skipulagðri glæpastarfsemi.

□ 6. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu
skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknnum,
samanburðarrannsóknnum og öðrum slíkum rannsóknnum og

varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.³⁾

□ [7. Lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögregluvald mega ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnslögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Starfsmenn þess lögreglustjóra, sem vanhæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn annars lögreglustjóra nema þeir séu sjálfir vanhæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnslögum.⁴⁾

¹⁾ Greininni var breytt með l. 51/2014, 4. gr. Breytingin tekur gildi 1. jan. 2015 skv. 11. gr. s.l. ²⁾ Rg. 804/2007. Rg. 192/2008. ³⁾ L. 46/2006, 3. gr. ⁴⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 9. gr. Handhafar lögregluvalds.

□ 1. Ríkislögreglustjóri, [aðstoðarríkislögreglustjóri],¹⁾ lögreglustjórar, [aðstoðarlögreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum],²⁾ skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.

□ 2. [Ráðherra]³⁾ er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

□ 3. [Áhafnir varðskipa og gæsflugvéla]⁴⁾ fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu.

□ 4. [[Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans]⁵⁾ og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.⁶⁾

□ 5. Hreppstjórar fara með lögregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.

□ 6. Héraðslögreglumenn fara með lögregluvald þegar þeir gegna starfinu.

□ 7. Þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum.

□ 8. Nemar í Lögregluskóla ríkisins fara með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi.

¹⁾ L. 51/2014, 5. gr. ²⁾ L. 46/2006, 4. gr. ³⁾ L. 162/2010, 141. gr. ⁴⁾ L. 29/1998, 3. gr. ⁵⁾ L. 147/2008, 44. gr. ⁶⁾ L. 155/2000, 24. gr.

■ 10. gr. Héraðslögreglumenn.

□ 1. Lögreglustjóra er heimilt að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra að ráða héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu, enda fullnægi þeir skilyrðum í [a-, b-, c- og d-liðum 2. mgr. 38. gr. laganna].¹⁾

□ 2. Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.

□ 3. [Ráðherra]²⁾ setur reglur³⁾ um fjölda héraðslögreglumanna og störf þeirra.

□ 4. Héraðslögreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og lögreglumenn á meðan þeir gegna lögreglustörfum.

¹⁾ L. 56/2002, 6. gr. ²⁾ L. 162/2010, 141. gr. ³⁾ Rg. 283/1997, sbr. 961/2008 og 1037/2008.

■ 11. gr. Samvinna lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir.

□ 1. Lögreglan skal aðstoða ákærvaldið við störf þess.

□ 2. Lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmálafyrirvöldum, heilbrigðisfyrirvöldum og menntamálaforvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni

gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.

■ 12. gr. Samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga.

□ 1. [Í hverju lögregluumdæmi skulu starfa ein eða fleiri samstarfsnefndir um málefni lögreglunnar. Í samstarfsnefnd skulu sitja lögreglustjóri viðkomandi lögregluumdæmis, sem jafnframt er formaður hennar, og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu eða eru á því svæði þar sem nefndin starfar. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.]¹⁾

□ 2. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir m.a. tillögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beittir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starfsemi lögreglunnar.

¹⁾ L. 51/2014, 6. gr.

III. kafli. Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa.

■ 13. gr. Almennar reglur.

□ 1. Handhafa lögregluvalds ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.

□ 2. Handhafa lögregluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

□ 3. [Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar lögregluvalds bera á sér sérstök skilríki. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun lögregluskilríkja með reglugerð.]¹⁾²⁾

¹⁾ Rg. 1052/2006. ²⁾ L. 29/1998, 4. gr.

■ 14. gr. Valdbeiting.

□ Handhöfum lögregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

■ 15. gr. Aðgerðir í þágu almannafríðar, allsherjarreglu o.fl.

□ 1. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau.

□ 2. Í þessu skyni er lögreglu m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim.

□ 3. [Ef úggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað er lögreglu heimilt að banna að maður breyti andliti sínu eða hylji það eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann.]¹⁾

□ 4. Óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu [skv. 2. og 3. mgr.]¹⁾ getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu.

□ 5. Lögreglu er heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

□ 6. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af málefnum sem samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega röskun á almannafríði og allsherjarreglu og ekki næst til viðkomandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokaðar, þýðingarlausar eða fyrirsjáanlegt er að þær muni hefjast of seint. Tilkynna skal hlutaðeigandi stjórnvaldi um aðgerðir lögreglu svo fljótt sem auðið er.

¹⁾ L. 56/2002, 2. gr.

■ **16. gr. Heimild til handtöku.**

□ 1. Handhafa lögregluvalds er heimilt að handtaka mann og færa á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögregla hefur aðstöðu:

a. í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannaferi eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,

b. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi,

[c. ef hann á að afplána refsingu,

d. ef hann hefur leyfislaust vikið úr fangelsi,

e. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilyrði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dóm, reynslulausn eða náðun.]¹⁾

□ 2. Lögregla skal gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann er færður á starfsstöð lögreglu. Ekki má halda manni lengur en nauðsyn ber til.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **17. gr. Leit á mönnum.**

□ 1. Lögreglu er heimilt ef ástæða er til að leita að vopnum eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjarlægður er eða handtekinn af lögreglu.

□ 2. Sé maður vistaður í fangageymslu er lögreglu heimilt að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann getur notað til þess að vinna tjón á sjálfum sér eða öðrum. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmt, eyðilagst eða glatast.

□ 3. Verðmætum, sem lögregla tekur til varðveislu skv. 2. og 3. mgr., ber að skila aftur þegar maður er látinn laus, enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þau samkvæmt lögum um meðferð [sakamála].¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **18. gr. Afskipti af börnum.**

□ Lögreglu ber að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hættu búin og koma þeim í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir.

■ **19. gr. Skylda til að hlýða fyrirmælum lögreglu.**

□ Almenningsi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannaferi.

■ **20. gr. Skylda til að aðstoða lögreglu.**

□ 1. Ef nauðsyn ber til getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannaferi. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

□ 2. Þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með lögregluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn.

■ **21. gr. Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum.**

□ Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum.

■ **22. gr. Þagnarskylda.**

□ 1. Lögreglumönnum og öðru starfslíði lögreglu ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti lögreglu og fyrirhugaðar lögregluáðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum lögreglu eða eðli máls.

□ 2. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

□ [3. Ákvæði 1. mgr. skal ekki vera því til fyrirstöðu að lögreglan veiti tollstjóra aðgang að málaskrá sínum og öðrum upplýsingum sem lögregla býr yfir og varða ætluð brot á tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja, enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar í þágu greiningarstarfs tollstjóra.]¹⁾

¹⁾ L. 147/2008, 45. gr.

■ **23. gr. Afskipti af eigin málum eða nákominna vandamanna.**

□ Starfsmanni lögreglu er í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna nema afskipti hans af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hætta sé á að frestun aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð.

■ **24. gr. Afskipti af vinnudeilum.**

□ Lögreglu er óheimilt að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar, eins og annars staðar, uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

■ **25. gr. Lögreglustörf utan vinnutíma.**

□ 1. Lögreglumanni er heimilt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum ef:

a. þess er þörf til verndar lífi eða heilsu fólks eða verulegum opinberum hagsmunum,

b. þess er þörf til að afstýra eða stöðva alvarlegt lögbrot eða

c. þess er þörf til að handtaka megi mann sem grunaður er um alvarlegan refsiverðan verknað.

□ 2. Hafi lögreglumaður haft afskipti af máli skv. 1. mgr. ber honum tafarlaust að tilkynna það yfirmanni sínum. Hafi hann unnið slík verk utan starfsumdæmis síns skal hann tilkynna það lögreglustjóra þess umdæmis.

■ **26. gr. Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.**

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að ákveða með samkomulagi við [ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins]²⁾ að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við [tollstjóra].³⁾ Þar sem slík starfstillögung er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starf lögreglumanns.

¹⁾ L. 162/2010, 141. gr. ²⁾ L. 126/2011, 225. gr. ³⁾ L. 147/2008, 46. gr.

IV. kafli. [Um veitingu starfa í lögreglu og starfslok.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2002, 4. gr.

■ **27. gr. Fjöldi lögreglumanna.**

□ Ráðherra ákveður á hverjum tíma í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

■ **28. gr.** [Veiting starfa í lögreglu.

□ 1. [Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra til fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra, sbr. 4. mgr. 5. gr., og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til fimm ára í senn, sbr. 5. mgr. 6. gr.

□ 2. Ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, aðstoðarlögreglustjórar sem eru staðgenglar lögreglustjóra og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins skulu auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a. hafa náð 30 ára aldri,
- b. hafa íslenskan ríkisborgararétt,
- c. vera svo á sig komnir andlega og líkamlega að þeir geti gegnt embættinu,
- d. vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu,
- e. hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningssáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta,

f. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi eða háskólaþrófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

□ 3. Nú eru fleiri en einn aðstoðarlögreglustjóri við embætti og skal þá einn þeirra vera staðgengill lögreglustjóra. Þeir aðstoðarlögreglustjórar sem ekki eru staðgenglar lögreglustjóra skulu fullnægja skilyrðum a–e-liða 2. mgr. til skipunar í embætti, auk eftirtalinnna skilyrða um menntun og starfsreynslu:

a. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi, eða háskólaþrófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt, eða lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi,

b. hafa í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan lögreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

□ 4. Lögreglustjóri skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn og aðra lögreglumenn til starfa innan embættis síns með sama hætti til fimm ára í senn að fenginni umsögn hæfnisnefndar, sbr. f-lið 2. mgr. 5. gr. Hver sá sem er skipaður lögreglumaður skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði e-liðar 2. mgr. er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Ráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar. Um öflun málaskráupplýsinga, þar á meðal umfang upplýsingaöflunarinnar, fræðslu til umsækjenda og starfsmanna í aðdraganda uppfléttingar og andmælarétt þeirra, skal nánar mælt fyrir í reglugerð.²⁾

□ 5. Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjórum að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.³⁾

¹⁾ Rg. 1051/2006, sbr. 1043/2013. ²⁾ L. 51/2014, 7. gr. ³⁾ L. 46/2006, 5. gr.

■ **[28. gr. a. Heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.**

□ Engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningssáliti eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það

traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.¹⁾

¹⁾ L. 51/2014, 8. gr.

■ **29. gr. Heitstafur.**

□ Allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

■ **[29. gr. a. Starfslokaaldur.**

□ Lögreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem [ráðherra]¹⁾ ákveður með reglugerð.²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 141. gr. ²⁾ L. 56/2002, 3. gr.

V. kafli. Atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

■ **30. gr. Bótageiðslur.**

□ Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfaranda ef því er að skipta.

■ **31. gr. Bann við verkföllum.**

□ Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

■ **32. gr. Aukastörf.**

□ 1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja.

□ 2. Áður en lögreglumaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra lögreglustjóra frá því. Innan tveggja vikna skal lögreglumanni skýrt frá því ef áður nefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ríkislögreglustjóra.

□ 3. Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

□ 4. Við mat á því hvort starfsemi teljist ósamrýmanleg lögreglustarfi skal horft til þess hvort ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum sem stöðu hans fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega.

□ 5. [Ráðherra]¹⁾ setur almennar reglur um hvaða aukastörf teljist heimil.

¹⁾ L. 162/2010, 141. gr.

VI. kafli. Löggæslukostnaður.

■ **33. gr. Kostnaður við rekstur lögreglu.**

□ Kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði.

■ **34. gr. Sérstakur löggæslukostnaður.**

□ 1. . . .¹⁾

□ 2. [Lögreglustjóra er heimilt í sérstökum reglum²⁾ sem [ráðherra]³⁾ setur að]¹⁾ kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannaþæri og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu.

□ [Heimilt er að leggja á gjöld sem ætlað er að standa undir kostnaði við vinnu lögreglu vegna bakgrunnsathugunar á einstaklingi og útgáfu öryggisvottunar í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Við ákvörðun gjalda er heimilt að leggja

til grundvallar kostnað vegna vinnu við stofnun og skráningu máls, úrvinnslu gagna, skoðunar, skráningar og vöktunar í skráningarkerfum lögreglu eða öðrum gagnagrunnum og stjórnsýslulegrar meðferðar, svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Skilyrði gjaldtöku er að kveðið sé á um heimild til bakgrunnsathugunar í lögum. Ráðherra staðfestir gjaldskrá þjónustunnar. Gjaldskrá skal birt með tryggum hætti þar sem m.a. er kveðið nánar á um fjárhæð gjalds, sundurliðun þess ef við á og innheimtu.⁴⁾

¹⁾ L. 85/2007, 28. gr. ²⁾ Rg. 289/2004. ³⁾ L. 162/2010, 141. gr. ⁴⁾ L. 50/2012, 23. gr.

VII. kafli. Kærur á hendur lögreglu.

■ **35. gr.** [1. Kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins.

□ 2. Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær.

□ 3. Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.]¹⁾

¹⁾ L. 29/1998, 6. gr.

VIII. kafli. Lögregluskóli ríkisins.

■ **36. gr.** *Hlutverk Lögregluskóla ríkisins.*

□ 1. Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.

□ 2. Lögregluskóli ríkisins skal vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

■ **37. gr.** *Stjórn Lögregluskóla ríkisins.*

□ 1. [Ráðherra skipar skólustjóra Lögregluskóla ríkisins til fimm ára í senn.]¹⁾ Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjóri og hafa staðgöða þekkingu á lögreglumálefnum.

□ 2. Við Lögregluskóla ríkisins skulu starfa yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn sem [ríkislögreglustjóri]²⁾ skipar [til fimm ára í senn].¹⁾

¹⁾ L. 83/1997, 32. gr. ²⁾ L. 51/2014, 9. gr.

■ **38. gr.** *Inntaka nýnema og námstilhögun.*

□ 1. Ríkislögreglustjóri auglýsir eftir nemum í skólann um land allt. Hann ákveður fjölda nemenda sem hefja skulu nám ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins.

□ 2. [Lögreglumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20–40 ára,

b. hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið; [né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglumenn verða almennt að njóta],¹⁾

c. vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast lækni-skoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirliggjandi kröfum,

d. [samkvæmt kröfum sem ráðherra setur með reglugerð varðandi menntun, starfsþjálfun, tungumálakunnáttu, líkamlega færni, áskilnað um réttindi o.fl.],¹⁾

e. standast inntökupróf samkvæmt kröfum valnefndar með áherslu á íslensku og þrek.]²⁾

□ 3. Valnefnd velur nema í lögregluskólann úr hópi umsækjenda [og eru ákvarðanir hennar um val nema endan-

legar].³⁾ Nefndina skipa fimm menn, einn tilnefndur af [ráðherra],⁴⁾ einn af ríkislögreglustjóra, einn af [Lögreglustjórafélagi Íslands],¹⁾ einn af Landsambandi lögreglumanna og einn af skólustjóra Lögregluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.

□ 4. [Nám við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins skiptist í bóknám og starfsnám. Heildarlengd námsins skal vera að lágmarki tólf mánuðir og þar af skulu a.m.k. fjórir mánuðir vera starfsnám hjá lögreglunni. Lögregluskóli ríkisins greiðir lögreglunemum mánaðarlaun í starfsnámi þeirra en viðkomandi lögreglustjóri vaktálag og annan kostnað sem til fellur. Bóknámið er ólaunað.]⁵⁾

□ [5. Valnefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem fram koma þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á skilyrði skv. b- og c-lið 2. mgr. og um val á nemum í lögregluskólann. [Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði b-liðar 2. mgr. er valnefnd heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Um öflun málaskráupplýsinga, þar á meðal umfang upplýsingaöflunarinnar, fræðslu til umsækjenda og starfsmanna í aðdraganda uppflettingar og andmælarétt þeirra, skal nánar mælt fyrir í reglugerð.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 51/2014, 10. gr. ²⁾ L. 46/2006, 6. gr. ³⁾ L. 56/2002, 5. gr. ⁴⁾ L. 162/2010, 141. gr. ⁵⁾ L. 16/2011, 1. gr.

■ **39. gr.** *Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins.*

□ [Ráðherra]¹⁾ setur í reglugerð²⁾ nánari fyrirmæli um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstilhögun og prófkröfur.

¹⁾ L. 162/2010, 141. gr. ²⁾ Rg. 490/1997, sbr. 1102/2008.

IX. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **40. gr.** *Nánari reglur um framkvæmd laganna.*

□ [Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur²⁾ um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 162/2010, 141. gr. ²⁾ Rg. 289/2004. Rg. 66/2007, sbr. 506/2008, 733/2010 og 840/2012. Rg. 192/2008. Rg. 350/2009, sbr. 301/2014. Rg. 1151/2011. Rg. 1152/2011, sbr. 1163/2012.

■ **41. gr.** *Refsingar.*

□ Brot gegn 19.–21. gr. varða fésektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

■ **42. gr.** *Gildistaka.*

□ 1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

□ ...

■ **43. gr.** ...

X. kafli. Ákvæði til bráðabirgða.

■ **44. gr.** *Niðurlagning Rannsóknarlögreglu ríkisins. ...*

■ **[45. gr. Undanþága frá aldurskilyrði. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 29/1998, 7. gr.

■ [Þeir sem náð hafa 63 ára aldri við gildistöku laga þessara en eru ekki orðnir 65 ára geta innan sex mánaða frá gildistöku laganna óskað eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Nái þeir 65 ára aldri innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þeir setja fram slíka ósk áður en þeim aldri er náð. Óski lögreglumaður eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um hann skal hann senda bréfflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreglustjóra.

□ Þeim sem náð hafa 65 ára aldri við gildistöku laganna en eru ekki orðnir 70 ára skal veitt lausn frá embætti í síðasta lagi frá og með 1. maí 2003 nema þeir óski þess fyrir þann tíma að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Skal þá senda bréfflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreglustjóra.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2002, 7. gr.